

SKÓLA- OG VELFERÐARÞJÓNUSTA
ÁRNESHVÍKS bs.

AÐGERÐAÁÆTLUN

Innleiðing farsældarlaga 2026–2027

Tillaga til stjórnar SVÁ

Gildistími	Ágúst 2026 – ágúst 2027
Ábyrgð á heildarinnleiðingu	Forstöðumaður SVÁ
Framkvæmd	SVÁ í samstarfi við aðildarsveitarfélög, skóla og aðra þjónustuveitendur
Staða	Tillaga til samþykktar

Yfirfarið með hliðsjón af lögum nr. 86/2021 og Handbók farsældar.

1. Tilgangur og markmið

Tilgangur. Aðgerðaáætlunin er sameiginlegt vinnu- og stjórnæki Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. (SVÁ) við innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Hún styður stjórn SVÁ, stjórnendur og starfsfólk við að forgangsraða verkefnum, samræma framkvæmd, fylgja framvindu eftir og vinna að stöðugum umbótum.

Meginmarkmið. Að tryggja að börn og foreldrar á starfssvæði SVÁ fái rétta aðstoð á réttum tíma og upplifi þjónustuna sem aðgengilega, samfellda og samræmda heild. Jafnframt verði tryggt að starfsfólk sem kemur að þjónustu við börn þekki hlutverk sitt, ábyrgð og verklag innan farsældarkerfisins og að samstarf við barn og foreldra sé virkt í öllum áföngum þjónustunnar.

2. Forsendur áætlunarinnar

- SVÁ er byggðasamlag fimm sveitarfélaga: Bláskógabyggðar, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps.
- Innleiðingin tekur mið af innleiðingarhring farsældar: upphafi og undirbúningi, stöðumati, fræðslu, aðgerðaáætlun, framkvæmd, mati og endurgjöf og mótun nýrra markmiða.
- Stöðumat og kortlagning eru grunnur að forgangsroðun aðgerða. Árangur er metinn reglulega og aðgerðir endurskoðaðar eftir þörfum.
- Áætlunin gerir ráð fyrir sameiginlegu verklagi þar sem það er hagkvæmt, en jafnframt svigrúmi til staðbundinnar útfærslu innan laga og sameiginlegra viðmiða.
- Áhersla er lögð á snemmtækan stuðning, samþættingu þjónustu, skýr hlutverk, virk samskipti milli þjónustuveitenda og þátttöku barna og foreldra.
- Notast skal við leiðbeiningar, stöðluð eyðublöð og stuðningsefni Barna- og fjölskyldustofu eftir því sem við á og forðast óþarfa tvíverknað í verklagi og gögnum.

3. Megináherslur 2026–2027

Sameiginleg sýn, skýr ábyrgð og virkt eignarhald innan SVÁ og aðildarsveitarfélaganna.	Skýr staða og boðleiðir tengiliða og málstjóra farsældar.
Samræmt verklag um samþættingu þjónustu frá fyrstu vísbendingum um þjónustubörf til eftirfylgdar og loka samþættingar.	Skýr yfirsýn yfir þjónustu og úrræði á fyrsta, öðru og þriðja þjónustustigi.
Markviss fræðsla og stuðningur við starfsfólk sem vinnur með börnum, skólastjórnendur, tengiliði, málstjóra og samstarfsaðila.	Örugg, nauðsynleg og samræmd vinnsla og miðlun upplýsinga.
Barn og fjölskylda í miðu þjónustunnar og virk þátttaka þeirra í ákvörðunum sem þau varða.	Mælanleg eftirfylgd, regluleg endurgjöf og stöðugar umbætur.

4. Aðgerðaáætlun 2026–2027

Yfirlitið hér að neðan sýnir allar aðgerðir tímabilsins. Nánari lýsing á hverri aðgerð fylgir á næstu síðum.

Nr.	Aðgerð	Ábyrgð / umsjónarmenn	Tímasetning	Staða
1	Sameiginleg sýn og stjórnskipulag farsældar	Forstöðumaður SVÁ / stjórn SVÁ	Ágúst–sept. 2026	Í undirbúningi
2	Stöðumat í sveitarfélögnum fimm	Forstöðumaður SVÁ / verkefnarstjóri	Sept.–okt. 2026	Ekki hafin
3	Tengiliðir farsældar	Málstjóri / skólastjórnendur	Sept.–nóv. 2026 og áfram	Í vinnslu
4	Málstjórar farsældar	Forstöðumaður SVÁ / málstjórar	Sept.–nóv. 2026 og áfram	Ekki hafin
5	Sameiginlegur verkferill um samþættingu þjónustu	Farsældarteymi SVÁ	Okt.–des. 2026	Í undirbúningi

Nr.	Aðgerð	Ábyrgð / umsjónarmenn	Tímasetning	Staða
6	Fræðsluáætlun farsældar	Forstöðumaður SVÁ / deildarstjórar	Okt.–des. 2026 og áfram	Í vinnslu
7	Samræmd verkfæri og eyðublöð	Farsældarteymi SVÁ	Nóv. 2026–jan. 2027	Ekki hafin
8	Beiðni um samþættingu, upplýsingamiðlun og persónuvernd	Forstöðumaður SVÁ / persónuverndarfulltrúi eða ráðgjafi	Okt. 2026–jan. 2027	Ekki hafin
9	Kortlagning þjónustustiga og úrræða	Farsældarteymi / forstöðumaður SVÁ, verkefnarstjóri, aðildarsveitarfélög	Sept.–des. 2026	Í vinnslu
10	Þverfaglegt samstarf og samstarfsvettvangar	Farsældarteymi	Nóv. 2026–apríl 2027	Ekki hafin
11	Innleiðing í daglegt starf og upplýsingagjöf	Stjórnendur SVÁ / skólastjórnendur	Jan.–maí 2027 og áfram	Ekki hafin
12	Mat, endurgjöf og ný markmið	Forstöðumaður SVÁ / verkefnarstjóri / stjórn SVÁ	Maí–ágúst 2027	Ekki hafin

Stöðumat: Ekki hafin → Í undirbúningi → Í vinnslu → Lokið → Í eftirfylgd

Uppfærsla: Umsjónarmenn uppfæra stöðu og athugasemdir að lágmarki mánaðarlega. Stjórnendur SVÁ fara yfir stöðu á hálfsmánaðarlegum stjórnendafundum.

Nánari lýsing aðgerða

Hver aðgerð er sett fram með sama sniði svo auðvelt sé að fylgja ábyrgð, árangri, tíma og stöðu eftir.

AÐGERÐ 1 | SAMEIGINLEG SÝN OG STJÓRNSKIPULAG FARSÆLDAR

Viðfangsefni / framkvæmd	Skilgreina og skjalfesta hlutverk stjórnar SVÁ, forstöðumanns, deildarstjóra, farsældarteymis, aðildarsveitarfélaga, skólastjórnenda, tengiliða og málstjóra við innleiðingu og eftirfylgd.
Ábyrgðaraðili	Forstöðumaður SVÁ / stjórn SVÁ
Mælikvarði / árangur	Sameiginleg ábyrgðar- og hlutverkalýsing samþykkt og kynnt. Farsældarteymi og umboð þess skilgreint.
Tímasetning og staða	Ágúst–sept. 2026 Í undirbúningi

AÐGERÐ 2 | STÖÐUMAT Í SVEITARFÉLÖGUNUM FIMM

Viðfangsefni / framkvæmd	Framkvæma stöðumat á innleiðingu, m.a. á verklagi, þekkingu starfsfólks, stöðu tengiliða og málstjóra, samstarfi, upplýsingagjöf og helstu hindrunum. Safna sjónarmiðum starfsfólks, barna og foreldra eins og hægt er.
Ábyrgðaraðili	Forstöðumaður SVÁ / verkefnastjóri
Mælikvarði / árangur	Stöðumat lokið fyrir öll fimm sveitarfélögin og lykilstarfsstaði. Niðurstöður skráðar og forgangsróðun aðgerða staðfest.
Tímasetning og staða	Sept.–okt. 2026 Ekki hafin

AÐGERÐ 3 | TENGILIÐIR FARSÆLDAR

Viðfangsefni / framkvæmd	Tryggja að skýrt sé hver sinnir hlutverki tengiliðar á viðeigandi starfsstöðum, að tengiliðir hafi nauðsynlega þekkingu, aðgengi að ráðgjöf og skýrar boðleiðir. Tryggja, við breytingar í aðstæðum barns, að tengiliðir farsældar vinni samkvæmt samræmdu verklagi.
Ábyrgðaraðili	Málstjóri / forstöðumaður SVÁ/ skólastjórnundur
Mælikvarði / árangur	Yfirlit yfir tengiliði og boðleiðir uppfært. Hlutverk og verkferlar kynntir. Tengiliðir hafa aðgang að reglulegum stuðningi og ráðgjöf.
Tímasetning og staða	Ágúst 2026 og áfram Í vinnslu

AÐGERÐ 4 | MÁLSTJÓRAR FARSÆLDAR

Viðfangsefni / framkvæmd	Samræma ferli þegar upplýsingar berast um þörf fyrir málstjóra. Tryggja að fyrir liggi beiðni um samþættingu og að skilyrði fyrir tilnefningu málstjóra séu metin samkvæmt lögum. Skýra upphaf, stuðningsteymi, stuðningsáætlun, eftirfylgd og lok samþættingar.
Ábyrgðaraðili	Forstöðumaður SVÁ / málstjórar
Mælikvarði / árangur	Samræmt verklag samþykkt og notað. Málstjórar hafa reglulegan samráðsvettvang og aðgang að ráðgjöf.
Tímasetning og staða	Sept.–nóv. 2026 og áfram Í vinnslu

AÐGERÐ 5 | SAMEIGINLEGUR VERKFERILL UM SAMÞÆTTINGU ÞJÓNUSTU

Viðfangsefni / framkvæmd	Lýsa sameiginlegu verklagi frá því að vísbending um ófullnægða þjónustubörf greinist og leiðbeiningar eru veittar, að beiðni um samþættingu, frummati, samþættingu fyrsta stigs þjónustu, mati á þörf fyrir málstjóra, stuðningsteymi, stuðningsáætlun, endurmati og eftirfylgd. Skýra jafnframt skil gagnvart öðrum lögbundnum ferlum.
Ábyrgðaraðili	Farsældarteymi SVÁ
Mælikvarði / árangur	Ein sameiginleg ferlislýsing tilbúin, yfirfarin, prófuð með starfsfólki og aðgengileg á sameiginlegum vettvangi.
Tímasetning og staða	Okt.–des. 2026 Í undirbúningi

AÐGERÐ 6 | FRÆÐSLUÁÆTLUN FARSÆLDAR

Viðfangsefni / framkvæmd	Skipuleggja þrepaskipta fræðslu fyrir allt starfsfólk, stjórnendur, skólastjórnendur, tengiliði og málstjóra. Fræðslan taki mið af stöðumati og fjalli m.a. um hlutverk, snemmtækan stuðning, samþættingu, þátttöku barna og foreldra, þjónustustig og upplýsingamiðlun.
Ábyrgðaraðili	Forstöðumaður SVÁ / málstjóri
Mælikvarði / árangur	Fræðsluáætlun samþykkt. A.m.k. 90% skilgreinds markhóps hefur fengið grunnfræðslu og sérhæfð fræðsla veitt lykilhlutverkum.
Tímasetning og staða	Okt.–des. 2026 og áfram Í undirbúningi

AÐGERÐ 7 | SAMRÆMD VERKFÆRI OG EYÐUBLÖÐ

Viðfangsefni / framkvæmd	Innleiða og samræma notkun leiðbeininga, staðlaðra eyðublaða og stuðningsefnis Barna- og fjölskyldustofu. Útbúa staðbundin hjálpargögn aðeins þar sem þörf er á, t.d. fundarsnið, gátlista og yfirlit fyrir eftirfylgd.
Ábyrgðaraðili	Farsældarteymi
Mælikvarði / árangur	Sameiginlegt verkfærasafn tekið í notkun, útgáfustýrt og aðgengilegt s.s. matsblað tengiliðar, frummat, og stuðningsáætlun farsældar
Tímasetning og staða	Nóv. 2026–jan. 2027 Ekki hafin

AÐGERÐ 8 | BEIÐNI UM SAMÞÆTTINGU, UPPLÝSINGAMIÐLUN OG PERSÓNUVERND

Viðfangsefni / framkvæmd	Samræma verklag um beiðni um samþættingu, skráningu, miðlun nauðsynlegra upplýsinga, aðgang, varðveislu og lok vinnslu. Tryggja að starfsfólk þekki skilyrði upplýsingamiðlunar, þagnarskyldu og meginreglur persónuverndar.
Ábyrgðaraðili	Forstöðumaður SVÁ / persónuverndarfulltrúi eða ráðgjafi
Mælikvarði / árangur	Verklag yfirfarið og samþykkt. Fræðsla veitt og aðgengileg leiðbeining til staðar fyrir starfsfólk. Frávik og álitamál skráð og nýtt til umbóta.
Tímasetning og staða	Okt. 2026–jan. 2027 Ekki hafin

AÐGERÐ 9 | KORTLAGNING ÞJÓNUSTUSTIGA OG ÚRRÆÐA

Viðfangsefni / framkvæmd	Kortleggja helstu þjónustu og úrræði sem nýtast börnum og fjölskyldum á starfssvæði SVÁ og flokka eftir fyrsta, öðru og þriðja þjónustustigi eftir því sem við á. Skilgreina ábyrgð á reglulegri uppfærslu.
Ábyrgðaraðili	Farsældarteymi SVÁ / Forstöðumaður, verkefnastjóri, aðildarsveitarfélög
Mælikvarði / árangur	Sameiginlegt þjónustukort tilbúið og aðgengilegt starfsfólki. Ábyrgð á uppfærslu skilgreind og endurskoðun dagsett.
Tímasetning og staða	Sept.–des. 2026 Í vinnslu

AÐGERÐ 10 | ÞVERFAGLEGT SAMSTARF OG SAMSTARFSVETTIVANGAR

Viðfangsefni / framkvæmd	Skýra samstarf og boðleiðir SVÁ við leik-, grunn- og framhaldsskóla, heilsugæslu, félagsþjónustu, barnavernd, frístundaþjónustu og aðra þjónustuveitendur. Tryggja tengingu við svæðisbundið farsældarráð og aðra viðeigandi samráðsvettvanga.
Ábyrgðaraðili	Farsældateymi
Mælikvarði / árangur	Samstarfsvettvangar, tengiliðir og boðleiðir skráðar. Reglulegir samráðsfundir skilgreindir þar sem þörf er á.
Tímasetning og staða	Nóv. 2026–apríl 2027 Ekki hafin

AÐGERÐ 11 | INNLEIÐING Í DAGLEGT STARF OG UPPLÝSINGAGJÖF

Viðfangsefni / framkvæmd	Tengja farsældarverklag við daglegt starf starfsstaða, m.a. teymisvinnu, nemendavernd, ráðgjöf og einstaklingsmál. Skólastjórnendur og aðrir stjórnendur tryggja að starfsfólk þekki boðleiðir og að börn og foreldrar fái skýrar upplýsingar um aðgang að tengilið og sambættingu þjónustu.
Ábyrgðaraðili	Stjórnendur SVÁ / skólastjórnendur
Mælikvarði / árangur	Verklag sýnilegt í starfseiningum. Upplýsingar aðgengilegar börnum og foreldrum.
Tímasetning og staða	Jan.–maí 2027 og áfram Ekki hafin

AÐGERÐ 12 | MAT, ENDURGJÖF OG NÝ MARKMIÐ

Viðfangsefni / framkvæmd	Meta framkvæmd út frá stöðumati, mælikvörðum og reynslu. Safna skipulega endurgjöf starfsfólks og, eftir því sem við á, barna og foreldra. Greina hindranir, árangur og umbótatækifæri og setja ný markmið fyrir næsta tímabil.
Ábyrgðaraðili	Forstöðumaður SVÁ / verkefnastjóri / stjórn SVÁ
Mælikvarði / árangur	Matsskýrsla lögð fyrir stjórn. Helstu umbótatillögur samþykktar og ný aðgerðaáætlun fyrir 2027–2028 tilbúin.
Tímasetning og staða	Maí–ágúst 2027 Ekki hafin

5. Stjórnskipulag og eftirfylgd

Skýr ábyrgð og verkaskipting er forsenda þess að innleiðingin verði samræmd og að eftirfylgd verði regluleg.

Aðili	Hlutverk
Stjórn SVÁ	Samþykkir aðgerðaáætlun, fylgist með framvindu, tekur afstöðu til stærri frávika og tryggir sameiginlegt eignarhald aðildarsveitarfélaganna.
Forstöðumaður SVÁ	Ber heildarábyrgð á innleiðingu, samræmingu, eftirfylgd og upplýsingagjöf til stjórnar og tryggir tengingu milli deilda og samstarfsaðila.
Verkefnastjóri	Leiða innleiðingu innan skóla- og velferðarþjónustu, styðja starfsfólk og tryggja að aðgerðir tengist daglegu starfi og faglegu verklagi.
Farsældarteymi SVÁ	Samræmir faglega innleiðingu, vinnur að sameiginlegum verkferlum og verkfærum, fylgir eftir álitamálum og leggur til umbætur. Skipan og umboð teymisins skal vera skýrt.
Umsjónarmenn aðgerða	Halda utan um einstakar aðgerðir, boða til samstarfs, fylgjast með mælikvörðum, uppfæra stöðu og tilkynna forstöðumanni SVÁ um hindranir eða frávik svo bregðast megi við.
Skólastjórnendur	Bera ábyrgð á innleiðingu farsældarverklags innan eigin starfsstaðar, tryggja að starfsfólk þekki hlutverk sitt og boðleiðir og að tengiliður hafi svigrúm, stuðning og aðgang að nauðsynlegri fræðslu.
Tengiliðir farsældar	Sinna lögbundnu hlutverki tengiliðar í samstarfi og samráði við barn og foreldra, þar á meðal upplýsingagjöf, aðstoð við frummat, samþættingu fyrsta stigs þjónustu og miðlun upplýsinga um þörf fyrir málstjóra.
Málstjórar farsældar	Stýra samþættingu þegar skilyrði eru uppfyllt, fyrir því að barn þarfnist þjónustu á 2. og/eða 3. þjónustustigi til lengri tíma. Bera ábyrgð á gerð stuðningsáætlunar og stýra stuðningsteymi, fylgja þjónustu eftir og tryggja samstarf við barn og foreldra.
Aðildarsveitarfélög	Styðja við sameiginlega innleiðingu, taka þátt í stefnumótun og stöðumati og tryggja tengingu við staðbundna þjónustu, stjórnsýslu og viðeigandi samstarfsvettvanga.

6. Tillaga að stjórnunarferli

- Hálfsmánaðarlegir stjórnendafundir SVÁ: stöðuyfirlit yfir aðgerðir, hindranir, frávik og næstu skref.
- Mánaðarleg uppfærsla aðgerðaáætlunar: umsjónarmenn færa stöðu, mælikvarða og stuttar athugasemdir inn í vinnuskjalið.
- Reglulegt faglegt samráð tengiliða og málstjóra: sameiginleg fræðsla, umræðu- og ráðgjafarvettvangur og miðlun á lærdómi úr framkvæmd.
- Stjórn SVÁ: fær stöðuskýrslu um innleiðingu að lágmarki tvisvar á tímabilinu og tekur afstöðu til stærri frávika, forgangsbreytinga eða viðbótaraðgerða.
- Vor 2027: formlegt millistöðumat þar sem stöðumatið frá hausti 2026 er notað sem viðmið og metið hvað hefur breyst.
- Sumar 2027: lokamat, endurgjöf frá helstu þátttakendum og tillaga að nýrri aðgerðaáætlun 2027–2028.

7. Ákvörðunartillaga til stjórnar SVÁ

Lagt er til að stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. samþykki aðgerðaáætlun um innleiðingu farsældarlaganna 2026–2027 og feli forstöðumanni SVÁ að hafa yfirumsjón með framkvæmd hennar. Jafnframt verði verkefnastjóra, stjórnendum og umsjónarmönnum aðgerða falið að fylgja eftir skilgreindum mælikvörðum, uppfæra stöðu reglulega og leggja fyrir stjórn upplýsingar um framvindu, frávik og tillögur að breytingum þegar við á.

8. Heimildir og tengd gögn

- Lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.
- Reglugerð nr. 1180/2022 um tengiliði og málstjóra samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna.
- Barna- og fjölskyldustofa: Handbók farsældar – innleiðing farsældarlaganna á landsvísu, þar á meðal innleiðingarhringur farsældar og útgefið stuðningsefni.
- Stofnsamningur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.
- Gildandi staðbundið verklag, stefnumótun og upplýsingar um þjónustu SVÁ og aðildarsveitarfélaga.